

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Hjúkrunarskóla Íslands í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum hjúkrunarskóla hér á landi og að loknu prófi eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum hjúkrunarkonum leyfi til hjúkrunarstarfa, ef þær hafa lokið jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til starfsins að dómi skólastjóra Hjúkrunarskóla Íslands og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrahús, sjúkaskýli, elliheimili, barnaheimili, að heilsuverndarstörfum og við hjúkrun í heimahúsum, né til starfa að öðrum tilsvarendi almennum hjúkrunarstörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í starfi eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið að dómi stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis, getur ráðherra svipt hana starfsréttindum og rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

Nú hefur hjúkrunarkona verið svipt réttindum og starfsheiti samkv. 1. mgr., og má þá ráðherra veita henni réttindin og starfsheitið aftur, enda liggja fyrir meðmæli stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis.

4. gr.

Hjúkrunarkonu ber skylda til að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hún kemst að í starfi sínu, nema lög bjóði annað.

Skylda hjúkrunarkonu til að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

5. gr.

Hjúkrunarkonu er skylt að fara eftir fyrirsögn læknis um meðferð sjúklingsins, en henni er óheimilt að sinna læknisstörfum nema eftir fyrirmælum læknis.

6. gr.

Hjúkrunarkonu ber að þekkja starfsskyldur sínar og hverjum takmörkum hjúkrunarstörf eru háð. Einnig ber henni að halda við þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, sem varða hjúkrunarstörf.

7. gr.

Ákvæði 1. til 6. gr. taka einnig til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til að kalla sig hjúkrunarmenn.

8. gr.

Heimilt er að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal starfsheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, skal setja með reglugerð nánari ákvæði um efni það, er lög þessi fjalla um.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögnum skal fara að hætti opinberra mála. Sektir samkvæmt lögnum renna í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarkvennalög, nr. 27 19. júní 1933.